



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Mikilvæg atriði

- Skólafærni fyrir foreldra nemenda í 1. bekk skólans.
- Nemendur í unglingadeild máta hettupeysur sem hluta af skólafatnaði.
- Foreldradagur mánudaginn 6. október
- Heilsdagsskólinn opinn á viðtalsdegi
- Hettupeysur unglinganna að koma í hús.



Heimili og skóli eiga að standa saman að velferð barna, uppeldi þeirra og menntun.

Viðtalsdagur mánudaginn 6. október

Viðtalsdagur er í Áslandsskóla mánudaginn 6. október. Þá mæta nemendur til viðtals hjá umsjónarkennara með foreldrum / forráðamönnum.

Undirbúningsblöð hafa verið send heim og þess gætt vandlega að systkini eigi samliggjandi tíma. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar verða einnig til viðtals og eru foreldrar / forráðamenn hvattir til að ræða einnig við þessa kennara.

Heilsdagsskóli á viðtalsdegi 6. október

Heilsdagsskólinn verður opinn frá kl. 8:00 mánudaginn 6. október en þann dag eru foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals í skólanum.

Ef foreldrar hugsa sér að nýta sér lengri tíma en vistun barna þeirra gerir alla jafna ráð fyrir eru þeir beðnir að koma upplýsingum um slíkt á skrifstofu skólans fyrir kl. 12:00 föstudaginn 3. október. Upplýsingunum þarf einnig að fylgja greiðslukvittun eða útskrift úr heimabanka um að búið sé að greiða kr. 150.- fyrir hverja viðbótarklukkustund í heilsdagsskólanum.

Reikningsnúmer heilsdagsskólans hjá Sparisíði Hafnarfjarðar Strandgötu er 1101-05-416774. á skrifstofu skólans.

Nemendur í unglingadeild máta hettupeysur

Nemendur í unglingadeild skólans klæðast einnig skólafatnaði. Skólastjóri ákvað í samráði við nemendur á sal skólans í upphafi skólaársins að panta hettupeysur á nemendur í unglingadeild.

Hettupeysurnar eru nú að koma í hús og verður máttun á þeim fimmtudaginn 9. október milli kl. 16 og 18 þann dag. Máttun fer fram á sama stað og annar skólafatnaður var mátaður, í suðurenda skólans. Nemendur geta valið milli svartrar hettupeysu eða rauðrar en einnig er hægt að fá sér báða liti. Bolir sem aðrir nemendur klæðast, stutterma og síðerma, standa nemendum í unglingadeild einnig til boða hafi þeir áhuga. Þá er minnt á að óheimilt er að sauma önnur merki í skólafatnaðinn eða sauma skólamerkið í annan fatnað.

Skólafærni fyrir foreldra nemenda í 1. bekk

Við ætlum að gera allt
framúrskarandi vel.

Í því skyni að leggja góðan grunn að góðri samvinnu og ánægjulegu 10 ára samstarfi heimila og skóla munu Áslandsskóli, foreldraráð skólans og foreldrafélag hans standa að námskeiði fyrir foreldra / forráðamenn þeirra barna sem hófu nám í 1. bekk nú í haust. Það er von allra sem að námskeiðunum standa að þessar kvöldstundir verði foreldrum / forráðamönnum bæði til fróðleiks og ánægju.


DAGSKRÁ

Miðvikudagur 8. október 2003

- 18:00 **Námskeiðssetning á sal**
Pétur Vilberg Guðnason, formaður foreldrafélags Áslandsskóla
- 18:05 **Skólastarfið- starfsemi og sérkenni Áslandsskóla**
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri Áslandsskóla
- 18:25 **Ólíkar þarfir barna – hlutverk námsráðgjafa, sérkennara og skólahjúkrunarfræðings**
Björk Einisdóttir, Þórdís Helga Ólafsdóttir og Lilja Gunnarsdóttir
- 18:55 **Rattleikur um Áslandsskóla**
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri Áslandsskóla
- 19:25 **Léttur málsverður**
Sameiginlegt átak þátttakenda
- 19:45 **Áslandsskólaheitið og skólasöngur Áslandsskóla**
Kynning á gátlista – Hvað er hægt að ætlast til að 6. ára börn geti?
Sameiginlegt átak þátttakenda
- 20:00 **”Börn við upphaf skólagöngu. Hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra”. – fyrirlestur, spurningar og svör**
Guðný Reynisdóttir, M.S., Ráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar,
- 21:00 **Námskeiðsliit**

Mánudagur 13. október 2003

- 18:00 **Opnun á sal**
María K. Gylfadóttir, formaður foreldraráðs
- 18:05 **Gestafyrirlesari á sal**
N.N.
- 19:00 **Aðkoma foreldra að skólastarfi**
Kynning á starfsemi Heimilis og skóla
Jónína Bjartmarz, formaður Heimilis og skóla
Kynning á starfsemi foreldrafélags og foreldraráðs -mikilvægi þátttöku foreldra í hinum ýmsum ráðum og nefndum skólans
María Gylfadóttir, formaður foreldraráðs Áslandsskóla
Pétur Vilberg Guðnason, formaður foreldrafélags Áslandsskóla
- 19:30 **Léttur málsverður**
Sameiginlegt átak þátttakenda
- 20:00 **Samvera í “heimum” og umræða um Gátlista**
Umsjónarkennari og foreldrar
- 20:50 **Mat á námskeiðinu**
Þátttakendur svara spurningalistum
- 21:00 **Afhending viðurkenningarskjala og námskeiðsliit**



Kríúási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri